

Föstudaginn 13. janúar 1995.

Nr. 15/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Steingrími Njálssyni

(Þorvaldur Jóhannsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar sl., sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af lögregluskýrslum, sem teknar voru af kærða og vitnum á tímabilinu 8. – 12. janúar síðastliðinn. Í greinargerð sóknaraðila, sem barst Hæstarétti í dag, eru ekki færð rök fyrir því, að frekara gæsluvarðhalds sé þörf vegna rannsóknarhagsmuna.

Með dómi Hæstaréttar 8. desember 1994 í málinu nr. 364/1994 var varnaraðila dæmd sex mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing, er ekki hefur komið til afplánunar á. Þegar af þeirri ástæðu verður gæsluvarðhaldsvist eigi reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1995.

Ár 1995, laugardaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, til heimilis að 1. götu 15 við Suðurlandsveg í Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 3. febrúar 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1994 og XXII. kafla, einkum 196. gr., sbr. 20. gr. sömu laga. Er krafan um gæsluvarðhald reist á a- og c-lið 1. mgr. 103. laga nr. 19/1991.

 Kærði þverneitar þeim sakargiftum, sem á hann eru bornar. Hann hefur hins vegar viðurkennt, að kærandi [...] hafi verið með sér á heimili sínu umrætt kvöld, en kveður hann hafa verið þar af fúsum og frjálsum vilja og neitar með öllu að hafa beitt hann kynferðislegri áreitni. Brot þau, sem kærða eru gefin að sök, eru mjög alvarlegs eðlis og geta varðað hann fangelsi. Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Þá er óljóst, hver atburðarásin hefur verið, en kærði gefur aðrar lýsingu á henni en kærandi. Eftir er að taka ýtarlegri skýrslu af kæranda svo og rekja ferðir kærða með leigubifreiðum umrætt kvöld og taka skýrslur af hugsanlegum vitnum. Verður því að ætla, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Frammi liggur sakavottorð kærða, en samkvæmt því hefur hann hlotið sex dóma fyrir kynferðisbrot gegn drengjum og ungum piltum. Brot það, sem honum er hér gefið að sök, er hliðstætt fyrrgreindum brotum kærða. Samkvæmt því verður fallist á, að hætta sé á, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið.

Með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna málsins og með skírskotun til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 3. febrúar 1995 kl. 16.00.
